



ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR

Minnisblað

Vinnuhópur um mannréttindi í íþróttum

Kynjajafnrétti og fólk af erlendum uppruna

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar gerði jafnréttisúttekt á þremur hverfisíþróttafélögum í Reykjavík í byrjun árs 2016. Niðurstöður úttektarinnar voru kynntar fyrir félögunum síðar á árinu. Til að fylgja eftir þessari vinnu var ákveðið á fundi í október 2017, þar sem fulltrúar frá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur sátu, að stofna vinnuhóp til að fylgja þessum niðurstöðum eftir og kanna stöðuna hjá öllum hverfaíþróttafélögum í Reykjavík. ÍBR í samráði við mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar leitaði til Íþrotta- og tómstundaráðs eftir fulltrúa í hópinn.

Vinnuhópurinn skipa: Jóna Hildur Bjarnadóttir, ÍBR, Halldóra Gunnarsdóttir og Joanna Marcinkowska, mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Elísabet Pétursdóttir, Hitt húsið og Gerður Sveinsdóttir, ÍTR. Starfstímabilið var 2017 – 2018.

Vinnuhópurinn skilaði af sér niðurstöðum og tillögum í júní, sjá í meðfylgjandi viðhengi. Niðurstöðurnar verða kynntar fyrir stjórnnum/nefndum ÍBR, ÍTR og mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Vinnuhópurinn setti upp skapalón að jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun sem íþróttafélögin fengu sent til sín í júní. Til að fylgja eftir þessari vinnu leggur vinnuhópurinn til að ráðin verður einstaklingur, tímabundið, til að aðstoða íþróttafélögin við að fylgja eftir og uppfylla ákvæði jafnréttisstefnunar. Samþykkt var á stjórnarfundum ÍBR, þann 12. september, að leita eftir samvinnu við Reykjavíkurborg með þetta verkefni.

Á næstu mánuðum mun ÍBR vinna að fræðsluáætlun í samvinnu við íþróttafélögin og stefnt er að því að halda ráðstefnu um „Save Sport Iceland“ 2019. Einnig má benda á að nýlega kom út bæklingur sem er hugsaður til að auka þekkingu foreldra barna og ungmenna af erlendum uppruna á íslensku íþróttastarfi, á vegum ÍSÍ og UMFÍ, sem íþróttafélögin í Reykjavík geta nýtt sér <http://isi.is/um-isi/utgafa/fraedslubaeklingar-isi/>.

Hópurinn lagði einnig til að starfstímabilið yrði lengt um eitt ár til að fylgja eftir þessari vinnu.

fh. vinnuhóps,
Jóna Hildur Bjarnadóttir

Niðurstöður og tillögur vinnuhóps um mannréttindi og kynjajafnrétti í íþróttum

Vinnuhópurinn skipa: Halldóra Gunnarsdóttir og Joanna Marcinkowska frá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Gerður Sveinsdóttir, ÍTR, Elísabet Pétursdóttir frá Hinu Húsinu og Jóna Hildur Bjarnadóttir, ÍBR.

Starfstímabil: 2017-2018

Vinnuhópurinn fundaði með fulltrúum allra hverfaíþróttafélaga í Reykjavík. Á þeim fundum voru niðurstöður jafnréttisúttektar sem mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar gerði á þremur hverfaíþróttafélögum árið 2016 hafðar til hliðsjónar.

Markmið fundanna var m.a. að:

- 1) Skoða leiðir til að gera jafnréttisstefnur íþróttafélaga virkari og aðgengilegri.
- 2) Veita íþróttafélögum aðstoð/ráðgjöf við að sníða jafnréttisáætlanir að sínu starfi og við gerð aðgerðaáætlana.
- 3) Kanna hvernig jafnréttisstefna er kynnt fyrir starfsfólki, iðkendum og foreldrum.
- 4) Ræða launamál þjálfara.
- 5) Ræða leiðir til þess að auka hlutfall kvenna í stjórnnum.
- 6) Kanna hvort fræðsluáætlun liggi fyrir.
- 7) Kynna TUFF (The Unity if Faiths Foundation) – tilraunaverkefni sem er í gangi hjá ÍR og Leikni.
- 8) Ræða leiðir til að ná til fólks að erlendum uppruna
- 9) Skoða hver hefur umsjón með vefsíðum félagana og hvort hugað sé að jafnrétti í texta og myndbirtingu.
- 10) Fá fram sjónarmið félaganna á málefnið.

Samantekt:

Í heimsóknnum til félaganna var vel tekið á móti starfshópnum og lýstu fulltrúar félaganna vilja til að gera betur þegar kemur að jafnrétti í víðum skilningi orðsins. Íþróttafulltrúar og aðrir starfsmenn félaganna kynntu það fjölbreytta starf sem þau eru að sinna, eftir hvaða áætlunum er verið að vinna og hvernig samvinnu í nærumhverfinu er háttað.

Einhver íþróttafélög eru með eineltisteymi, viðbragðsáætlanir gegn einelti og tvö félög hafa nú þegar gert samstarfssamninga við Erindi, samtök fagfólks á sviði uppeldis-, lýðheilsu- og menntunarfræða. Mörg félaganna eru með siðareglur og leiðbeiningar fyrir þjálfara, foreldra og aðra stjórnarmenn. Sum félaga eru með handbækur um lög, reglur, skipurit, hlutverk stjórnar, deilda, sjálfbóðaliða og félagsmanna. Ræddar voru leiðir til að gera betur á sviði jafnréttismála og óskuðu öll félögin eftir stuðningi og samstarfi.

Helstu niðurstöður og tillögur

1) Jafnréttisstefna

Tvö hverfisfélög af níu, ÍR og Valur, eru ekki með jafnréttisstefnu. Starfsfólk ÍR hefur óskað eftir aðstoð við að vinna hana.

Mörg félaganna hafa notað skapalón að jafnréttisstefnu sem er á vefsíðu ÍBR en hafa ekki lagað framsetninguna að sínu starfi. Jafnréttisstefnur flestra félaganna eiga það sammerkt að þeim er ekki fylgt eftir, þ.e. úttektir og mælingar sem eru tilgreindar í skapalóninu eru ekki gerðar.

Tillaga: ÍBR kalli eftir jafnréttisstefnu og upplýsingum um framgang um leið og kallað er eftir ársreikningum.

ÍBR ráði til sín kynjafræðing í eitt ár sem fari á milli íþróttafélaga og aðstoði við endurskoðun/gerð jafnréttisstefnu, fræðslu og framsetningu aðgerðaráætlunar.

2) Aðgerðaráætlun með jafnréttisstefnu

Aðeins eitt félag, Fylkir, er með aðgerðaráætlun með jafnréttisstefnunni. Hjá Fylki er starfandi jafnréttisnefnd og er einn nefndarfulltrúa kynjafræðingur. Nefndin vann jafnréttisáætlun og aðgerðaráætlun með henni.

Tillaga: ÍBR sendi út skapalón í júní, sem vinnuhópurinn hefur sett upp, að jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun ásamt leiðbeiningum. Félögin skili, 1. október, jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun samhliða starfsáætlunum.

3) Kynning á jafnréttisstefnu hjá félaginu

Jafnréttisstefnur eru aðgengilegar á vefsíðum þeirra félaga sem höfðu stefnu, en þær eru almennt ekki kynntar með öðrum hætti.

Tillaga: Íþróttafélögin kynni jafnréttisstefnu félagana fyrir félagsfólki, stjórnarfólki, sjálfbóðaliðum, foreldrum og iðkendum í upphafi starfsárs. Einnig hugi félögin að öðrum leiðum til kynningar s.s. að hafa slóð á stefnuna í undirskrift, vekja athygli á henni í tölvupóstútsendingum o.s.frv.

4) Launamál þjálfara og útteiling auðlinda

Öll félög svöruðu því til að laun þjálfara tækju mið af menntun og starfsreynslu og ekki væri um neinni kynbundinn launamun að ræða. Misjafnt er eftir félögum og íþróttagreinum hversu margar konur eru að þjálfra en mörg félagana sögðu erfitt að fá konur til að þjálfra og mennta sig á því sviði.

Í tengslum við afrekshópa/afreksfólk þá voru styrkir tengdir árangri en ekki kyni. Félögin telja sig útteila tímum og aðföngum (búningar o.fl.) jafnt á milli kynja.

Tillaga: Að kynjafræðingur (sá starfsmaður sem kemur til með að fylgja eftir jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun) fari yfir launamál þjálfara, með tilliti til jafnræðis, í samráði við félögin.

5) Hlutfall kynja í stjórnnum

Hlutfall kvenna og karla í stjórnnum er misjafnt eftir félögum. Fram kom hjá félögunum það sjónarmið að auðveldara sé að fá konur til að sinna flokkastarfi í yngri hópnum en erfiðara að fá þær til að bjóða sig fram í aðalstjórnir þar sem starfið felist aðallega í öflun styrkja.

Öll níu hverfafélögin eru með íþróttafulltrúa en aðeins einn fulltrúinn er kona en hún starfar hjá Fjölni. Aðeins einn formaður íþróttafélags er kona en það félag er ÍR.

Í fylgiskjali 1 er tölfræði, sem tekin var saman í janúar 2018, um hlutfall kynja í aðalstjórnnum, stjórnnum deilda og formenn deilda og félaga.

Tillaga: ÍBR uppfæri þessa tölfræði árlega og birti á vefsíðu bandalagsins. Að félögin vinni markvisst að því að hafa kynjahlutfallið 60/40 í stjórnnum félaganna.

6) Fræðsluáætlun

Mismunandi var hjá hverju félagi fyrir sig hvernig staðið var að fræðslumálum um jafnréttismál. Hjá flestum félögum átti einhver fræðsla sér stað fyrir iðkendur og hjá einhverjum félögum skipulögðu aðalstjórnir fræðslu um sameiginleg viðfangsefni sem höfðuðu til allra deilda.

Tillaga: Að ÍBR og Reykjavíkurborg móti fræðsluáætlun þar sem boðið verði upp á fyrirlestra um ákveðin viðfangsefni s.s. mannréttindi og jafnréttismál kynja fyrir félögin. Framsetning á fræðslunni getur verið með ólíkum hætti og náð til fjölbreytts markhóps. Fræðslan færi bæði fram hjá viðkomandi félagi og einnig væru sameiginlegir fræðsluviðburðir haldnir fyrir öll félögin. Mörg íþróttafélög eru með þjálfara í fullu starfi og nýta vetrarfrí í skólum til endurmenntunar eða fræðslu og gott væri ef sameiginlegir fræðsluviðburðir færu fram á því tímabili. Einnig væri möguleiki að leita til fleiri hagsmunaaðila s.s. Samfok vegna samstarfs, varðandi fyrirlestra og fræðslu. Að lokum væri hægt að auka samstarf við foreldrafélög skólanna í hverfinu.

7) Iðkendur af erlendum uppruna

Innflytjendum hefur fjölgað mikið í Reykjavík og eru núna 14,2% af borgarbúum. Nýting frístundakorts gefur til kynna að börn innflytjenda stundi ekki íþróttir/tómstundir í sama mæli og íslenskir börn. Flest íþróttafélög hafa ekki farið í neinar sérstakar aðgerðir til að ná til innflytjenda. Kynning íþróttafélaga fer yfirleitt fram í gegnum þjónustumiðstöðvar og skólana en misjafnt er hvernig samstarfið er eða gengur. Í einhverjum hverfum fá íþróttafélög ekki að kynna sína starfssemi í skólum á meðan önnur fá leyfi til þess. Það eru ýmis góð dæmi um samstarf eins og þegar nýr nemandi kemur í Háaleitissskóla þá er öll starfssemi í hverfinu kynnt og þeir sem hafa áhuga á íþróttum er fylgt til íþróttafulltrúa Fram sem tekur á móti nemandanum sem kynnir svo viðkomandi fyrir þjálfara þeirrar íþróttagreinar og flokks sem við á.

Tilraunaverkefni TUFF, sem fór fram í Breiðholtinu, var kynnt á fundum hópsins með íþróttafélögunum. Verkefnið snýst um að taka á móti öllum nýjum íbúum hverfisins og kynna fyrir þeim þá þjónustu og það starf sem er í boði í hverfinu. Samkvæmt upplýsingum frá ÍR þá hafa góð

tengsl myndast í hverfinu á milli íþróttafélaganna og innflytjenda, en ÍR hefði þó viljað sjá fleiri iðkendur af erlendum uppruna skila sér inn í starfið.

Tillaga: ÍBR í samstarfi við Reykjavíkurborg búi til upplýsingarefni fyrir innflytjendur um íþróttafélög í hverfum á íslensku, ensku, pólsku, lítháísku, spænsku, tælensku og arabísku. Þar verði meðal annars almennar upplýsingar um íþróttastarf í hverfum og íþróttafélögin og forvarna- og aðlögunargildi íþróttar. Upplýsingarefnið verði aðgengilegt á vefsíðu ÍBR og Reykjavíkurborgar. Einnig verði í efninu vakin athygli á mikilvægi þess að ráða innflytjendur sem þjálfara og aðstoðarfólk til að endurspegla margbreytileikann í borgarsamfélaginu.

8) Frístundakortið og skráning

Fram kom hjá félögunum að frístundakortið virðist ekki vera nægilega vel kynnt fyrir foreldrum af erlendum uppruna. Mörg af íþróttafélögunum bjóða upp á aðstoð við umsóknarferli frístundakortanna. Á fundunum komu fram góðar ábendingar um hvernig hægt væri að kynna kortin betur og má þar nefna að Fram kynnir kortið sérstaklega í leikskólum meðfram kynningu á starfi félagsins. Einnig komu upp vangaveltur um hvort rafræn Reykjavík væri besti vettvangurinn fyrir umsóknarferli Frístundakortsins og hvort hægt væri að færa alla skráningu þaðan yfir í Nóra. Til þess að það geti orðið þyrfti að hafa leiðbeiningar á fleiri tungumálum hjá Nóra og búa til leiðbeiningar um notkun kerfisins. Fram kom hjá ÍTR að Nóri er eitt af 4 kerfum sem tengjast Rafrænni Reykjavík og er ekki kerfi sem Reykjavíkurborg getur nýtt við úthlutun styrkja.

Tillaga: Að leiðbeiningar um notkun Frístundakortsins verði endurgerðar á pólsku, ensku, spænsku og tælensku á vef Reykjavíkurborgar og í formi bæklinga. Leiðbeiningarnar þurfa vera aðgengilegri með styttri texta og myndrænar til þess að þær nái til sem breiðs hóps foreldra af erlendum uppruna. Hópurinn leggur til að gert verði leiðbeiningarmyndband um notkun kortsins með íslensku tali og að það verði textað á ensku, pólsku, spænsku, tælensku og íslensku. Myndbandið verði gert aðgengilegt á vef Reykjavíkurborgar. Lagt er til að farið verði í kynningarátak á frístundakortinu til umrædds hóps í samvinnu við önnur svið borgarinnar.

9) Vefsíður

Mjög mismunandi er hvernig félögin vinna efni inn á vefsíðurnar sínar. Í sumum tilvikum er það á könnu starfsfólks, stundum sjá þjálfarar um það eða sjálfboðaliðar. Efnið fer mikið eftir því hvað er að gerast hjá deildunum hverju sinni og er það árstíðabundið eftir íþróttagreinum.

Tillaga: Hvetja íþróttafélögin til að hafa jafnrétti að leiðarljósi þegar fjallað er um íþróttir og að þau taki út efnið reglubundið m.t.t. m.a. kynja og aldurs eins og gert er ráð fyrir í skapalóninu.

Lagt er til að vinnuhópurinn haldi áfram störfum tímabilið 2018-2019 til að fylgja þessum tillögum eftir og veita íþróttafélögum aðstoð við að gera gott starf betra. ÍBR sér um að kalla hópinn saman.

Reykjavík 24. maí 2018

Elísabet, Gerður, Halldóra, Joanna og Jóna Hildur